

Ný lög fyrir Félag leiðsögumanna Markmið og helstu breytingar

Félag leiðsögumanna hefur á síðustu árum og ekki náð að vaxa og eflast í samræmi við aukin umsvif í ferðaþjónustu. Kemur þar margt til, veik stéttarleg staða þar sem leiðsögn er sinnt af mörgum utanfélagsmönnum, veikur fjárhagur félagsins og geta til að sinna vaxandi verkefnum, ónóg samstaða innan félagsins um stefnu í ýmsum efnum o.fl. Stjórn félagsins ákvað því að kanna hvað gera mætti til úrbóta og fól starfshópi að yfirfara lög félagsins í þeim tilgangi. Hefur hann unnið að hugmyndum um breytingar á lögum félagsins sem orðið gætu til þess að styrkja stöðu þess og gera því kleift að takast á við vaxandi verkefni. Hér á eftir er gerð grein fyrir þeim markmiðum sem hópurinn hefur lagt til grundvallar í vinnu sinni og helstu breytingum á lögum félagsins sem gera þarf til að ná þeim markmiðum. Hugmyndirnar eru lagðar fram með þessum hætti í þeim tilgangi að kynna meginefni áformaðra breytinga með aðgengilegum hætti og fá umræður um þau í stað þess að hún beinist að smáatriðum í lagatexta sem verður gerður aðgengilegur innan tíðar.

Markmið og breytingar

Tilgangurinn með breytingunum á lögum er í stuttu máli að gera löginn þannig úr garði að þau þjóni þeim markmiðum sem félag leiðsögumanna eru sett í lögum þess þ.e. að vera samstarfsvettvangur leiðsögumanna á Íslandi, vinna að hagsmunamálum þeirra, stuðla að menntun og starfshæfni leiðsögumanna og bæta störf þeirra. Meginbreytingar í hugmyndum að nýjum lögum og markmið þeirra eru:

Nýtt nafn

Breyting á nafni félagsins ein sér er ekki meginbreyting en lagt til að nafni þess verði breytt í *Leiðsögn - félag leiðsögumanna*. **Leiðsögn**, sem væntanlega verður mest notað, er eitt orð, lipurt í munn og lýsandi fyrir félagið og eins er nafnbreytingunni ætlað að undirstrika þær miklu breytingar sem lagt er til að gerðar verði á félaginu og lýst er hér á eftir.

Sameining allra leiðsögumanna í eitt félag

Megintilgangur lagabreytinganna er **sameining** allra þeirra sem hafa leiðsögn ferðamanna að atvinnu hér á landi í eitt félag þar sem þeir starfa saman á jafnréttisgrundvelli. Með slíkri sameiningu styrkist félagið félagslega, og fjárhagslega. Sameining á jafnréttisgrundvelli felur í sér að öll félagsleg aðgreining hvað varðar réttindi og skyldur er felld niður og allir þeir sem starfa sem leiðsögumenn og nú eru utan félagsins eiga kost á að vera í því og hafa áhrif á störf þess og stefnu.

Sterkara hagsmunafélag

Sameining allra leiðsögumanna í eitt félag gerir það að **sterkara hagsmunaafli** í baráttu fyrir kjörum leiðsögumanna og öðrum hagsmunum þeirra sem starfa að leiðsögn og lagareglum um gerð kjarasamninga er breytt til samræmis við það sem almennt er hjá aðildarfélögum ASÍ. Kjarasamningar félagsins yrðu bindandi fyrir vinnuveitendur í ríkari mæli en nú er. Tekjur félagsins munu aukast við það að félagsgjöld renna til þess í stað þess að vera greidd til stéttarfélaga sem lítt sinna hagsmunum leiðsögumanna og sjóðir félagsins myndu eflast. Með bættum fjárhag getur félagið byggt upp öflugri starfsemi, fjölgað launuðum starfsmönnum og sinnt málefnum félagsmanna betur en nú er.

Viðurkenning sérstöðu og sérhópa

Þeir sem starfa við leiðsögn hafa mismunandi bakgrunn í menntun, þekkingu og reynslu. Breyting á lögum miðast við að viðurkennd verði **sérstaða mismunandi hópa** og mismunandi kröfur sem gerðar eru til menntunar, reynslu og starfshæfni með því að gera ráð fyrir öllum sem starfa að leiðsögn sem fullgildum félögum í *Leiðsögn* en að innan félagsins starfi fagdeildir sem sinni sérmálum einstakra hópa og þeir hafi aðkomu að málefnum félagsins m.a. að gerð kjarasamninga. Fjöldi og

nöfn fagdeilda verði ekki bundið í lögnum en forsendur fyrir skilgreiningu þeirra lagðar. Sem dæmi um hugsanlegar fagdeildir mætti nefna a) *almenna ferðaleiðsögn* e.t.v. fleiri en ein deild eftir menntun eða sérsviðum, b) *gönguleiðsögn*, c) *fjalla- og jöklaleiðsögn*, d) *svæðis- og borgaleiðsögn*, e) *ökuleiðsögn*, f) *sjó- og vatnaleiðsögn*, g) *sérfræðileg leiðsögn* og h) *fararstjórn og hópstjórn*. Gert er ráð fyrir að fagdeildirnar ráði miklu um sín sérmál, skilgreiningar á aðild að deildinni og geti tilnefnt fulltrúa í trúnaðarráð/samninganefnd o.fl. Með þessari breytingu er undirstrikað að allir þeir sem starfa sem leiðsögumenn eiga kost á að vera í félaginu en geti jafnframt sinnt hagsmuna- og áhugamálum síns sérsviðs innan þess.

Samræmt mat á menntun leiðsögumanna

Starfssvið og sérsvið leiðsögumanna eru mismunandi og undirbúningur og menntun þeirra er með ýmsum hætti. Lagabreytingarnar gera ráð fyrir að félagið beiti sér fyrir að komið verði á **samræmdu mati á menntun** og þeim kröfum sem gerðar eru til undirbúnings leiðsögustarfs. Í því efni verði tekið mið af þeim stöðlum eða viðmiðunum sem fyrir eru í Evrópu, t.d. *European Norm EN 15565:2008* og víðar og þeir aðlagðir íslenskum aðstæðum, m.a. því fjölbreytta starfssviði leiðsögumanna sem hér er og þeim mismunandi kröfum sem leiðsögustarfið gerir af þeim ástæðum. Gert er ráð fyrir að félagið sinni menntunarmálum eins og hingað til og beiti sér m.a. fyrir framgangskerfi sem byggir bryr milli mismunandi menntunar- og réttindahópa með námskeiðahaldi og námsframboði í skólum svo og raunfærnimati sem taki mið af reynslu við leiðsögustörf og annarri menntun en formlegri leiðsögumenntun.

Sýnileiki og merki félagsins

Þjónusta við ferðamenn er orðin umfangsmikil í efnahagslífinu og samfélaginu og er opinber umræða um hinar ýmsu hliðar hennar blómleg. Leggja þarf áherslu á að **Leiðsögn** verði sýnileg og áberandi sem vettvangur leiðsögumanna og talsmaður faglegrar leiðsagnar, góðrar móttöku ferðamanna og, góðrar umgengni um landið. Í því sambandi skiptir auðkenning leiðsögumanna miklu m.a. til að upplýsa þá sem leiðsögn kaupa um hvers megi vænta af henni og hvaða kröfur megi gera til hennar. Ennfremur verður félögum í *Leiðsögn* að vera ljósar hvaða skyldur þeir hafa gagnvart þeim sem þeir leiðsegja og hvaða kröfur eru gerðar til þeirra. Merki félagsins á að votta að siðareglur og gæðastaðlar séu virtir. Allir leiðsögumenn í félaginu skulu eigi kost á sameiginlegu auðkenni félagsins og greinilegri merking á sérsviði og sérrettindum viðkomandi.

Stjórnsýsla félagsins

Stjórnsýslu félagsins þarf að efla og breyta. Í stað kjaranefndar, sem felld er út mun trúnaðarráð vera fara með samningsumboð fyrir félagið og er skipan þess breytt m.t.t. þess og í þeim tilgangi að fulltrúar fagdeilda eigi aðkomu að því. Kveðið er á um að formennska trúnaðarráðs sé á höndum formanns félagsins til samræmis við ákvæði laga um stéttarfélög og vinnudeildur og þær reglur sem gilda innan ASÍ

Einföldun laga

Framangreindar breytingar gera það kleift að **einfalda lög** félagsins og starfsemi þess og beina henni að því sem skiptir mestu fyrir félagsmenn og framþróun starfsins. Við umskrift laganna var haft samráð við lögfræðing ASÍ og ráðleggingar hans nýttar. Á það m.a. við um stjórnsýslu félagsins og skipan samningamála innan hennar.